

Reykjavík, 15. mars. 2010.

Tilnefningar um framúrskarandi framlag til rannsókna á meistarastigi á sviði velferðarmála.

Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf (skammstafað Ís-Forsa) er hluti norrænna systursamtaka sem hefur áhuga á rannsóknum og fagþróun í félagsráðgjöf. Samtökin eru þverfagleg og óháð stjórnmalaflokkum og fagfélögum.

Á aðalfundi Ís-Forsa árið 2009 var samþykkt að samtökin veiti viðurkenningu fyrir framúrskarandi meistararitgerð á sviði velferðarmála. Auglýst verði árlega meðal háskólakennara eftir tilnefningum. Sérstök nefnd metur ritgerðir sem tilnefndar verða. Viðurkenningin verði veitt á árlegu málþingi Ís-Forsa.

Fyrir hönd Ís-Forsa er leitað til þín og óskað tilnefningar á framúrskarandi ritgerð/rannsókn sem lokið var á árinu 2009.

Á meðfylgjandi blaði er að finna lýsingu á framgangi við val á ritgerð vegna tilnefningarinnar.

Allar frekari upplýsingar fúslega veittar ef óskað er

Virðingarfyllst,

Sigríður Jónsdóttir,

formaður stjórnar Ís-Forsa

s. 545 8167 eða 698 4488

sigridur.jonsdottir@fel.stjr.is

Leiðarlýsing vegna tilnefningar og vals á framúrskarandi rannsókn á
meistarastigi til Ís-Forsa viðurkenningar árið 2010.

1. Auglýsing send til kennara háskólanna (Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri, Háskólans á Bifröst).
2. Háskólakennarar framsendi auglýsingu til þeirra meistaranemenda sinna sem luku rannsóknarritgerð sinni á árinu 2009 með ágætis eða afburða árangri.
3. Nemandi sendi forsíðu, útdrátt, og efnisyfirlit ásamt stuttri lýsingu (100-150 orð) á nýsköpunar- og notagildi rannsóknarinnar. Skal berast Ís-Forsa eigi síðar en 15. apríl 2010 á netfangið isforsa@isforsa.net
4. Háskólakennari sendir umsögn sína þar sem gerð er grein fyrir mati á ritgerðinni, þ.m.t. nýsköpunar- og notagildi fyrir velferðarmálin. Skal berast Ís-Forsa eigi síðar en 15. apríl 2010 á netfangið isforsa@isforsa.net
5. Matsnefnd Ís-Forsa fer yfir tilnefningar og tilnefnir meistararannsókn til viðurkenningar. Í matsnefndinni sitja: Lára Björnsdóttir, Unnur Ingólfssdóttir og Kristján Sturluson.
6. Stutt kynning og afhending viðurkenningar fer fram á aðalfundi Ís-Forsa, sem haldin er í lok apríl ár hvert. Upplýsingum um viðurkenninguna verður miðlað til fjölmiðla, opinberra aðila og þjónustustofnana á velferðarsviði.

Staðfest í stjórn Ís-Forsa í mars 2010.